

35 tíma óheimill innflutningur á trjájurtum að viðlögðum sektum samkvæmt téd-
11. apríl um lögum.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. apríl 1935.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.

36
15. apríl

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð 14. júní 1933 um raforkuvirki.

Samkvæmt lögum nr. 83, 23. júní 1932 um raforkuvirki eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

Síðasta málsg. 146. gr. orðist þannig:

Sá er fær leyfi, samkvæmt þessum (b) lið, 1., 2. og 3. tölulið, til rafvirkja-
starfa, skal fá leyfisbréf, sem rafmagnseftirlitið gefur út um tiltekinn tíma allt
að tveim árum eða eftir atvikum um ótiltekinn tíma ef rafmagnseftirlitið telur
það nauðsynlegt, enda getur rafmagnseftirlitið tekið leyfið af leyfishafa hvenær
sem er, ef hæfni hans eða vandvirkni reynist ófullnægjandi að dómi þess, eða
því af öðrum ástæðum þykir rétt að svipta hann leyfinu.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem
hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. apríl 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

37
16. apríl

REGLUGERÐ

um vélgæzlupróf á íslenskum mótorskipum.

1. gr.

Prófið skal haldið í Reykjavík, á þeim stað, sem atvinnumálaráðuneytið
ákveður, í miðjum desember ár hvert og aukapróf ef atvinnumálaráðuneytið
sér ástæðu til.

Ráðuneytið auglýsir prófið að minnsta kosti mánuði áður en það byrjar.

2. gr.

Sá, sem óskar að ganga undir prófið, skal senda umsókn til atvinnumála-
ráðuneytisins um það, í minnsta lagi 7 dögum áður en prófið byrjar.

Umsókninni skal fylgja:

1. Skírnarvottorð.
2. Mótorgæzluskirteini.
3. Sjóferðabók eða siglingavottorð.
4. Vottorð um það, að umsækjandi hafi ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti.
5. Vottorð um, að hann hafi lært það, sem til prófsins er heimtað.

37

16. apríl

3. gr.

Til prófsins þarf: Þekkingu á byggingu, samsetningu og meðferð hreyfla (mótorvéla) í skipum og á landi, brennslu, eldsneyti, hestöflum, eldneytiseyðslu, smurningu, þéttitækjum og öðru er að hreyflum lýtur, helztu hlutum skips og skiptingu þess í vatnsþétt hólf, hjálparvélum, svo sem stýrisbúnaði, ljósatækjum, vindum, slökkvitækjum o. s. frv.

4. gr.

Við prófið skulu gefnar 5 einkunnir:

A. Tvær einkunnir fyrir verklegar úrlausnir svo sem:

1. a. Tinhýða leg (t. d. sveifarleg), steypa í það hvítmálm, fella það á völinn, án þess að það hafi verið rennt, setja í það nauðsynlegar olíurásir og ganga frá því mátulega þröngu.
- b. Slípa ræsiloka og eldsneytisloka og ganga frá þeim þéttum. Fella fleyg í spor.
2. a. Fella sveifarás í að minnsta kosti 3 leg, steppt og rennd á verkstæði, eða gömul, ganga frá legum og ás, svo fullgert sé til notkunar.
- b. Beygja pípu úr eir eða stáli minnst 25 m/m eftir ákveðnu máli. Sýna kunnáttu sína í að sverfa og saga.
3. a. Skera sundur að minnsta kosti 3 bulluhringi og fella þá í strokk og bullu, sverfa slitbrúnir af og slípa loka í kælivatnsdælu eða austurdælu og fella saman bandið.
- b. Sverfa upp nýjan eða brunninn lóðbolta, tina hann og tinlóða hluti zinkvarða eða ózinkvarða. Harðlóða saman eir og látún (t. d. látúnsstút eða kraga á eirpípu), með venjulegum blásturslampa.
4. Gera eitthvað annað þessu hliðstætt, sem prófnefnd álitur, að sýni eins mikla kunnáttu prófsveins. Prófsveinn getur ekki krafizt neins sérstaks verkefnis.

B. Eina einkunn fyrir að lagfæra gangtruflun á háþrýstivél tveggja strokka eða fleiri, setja hana í gang, hirða í gangi með álagi, stöðva og ganga frá eftir notkun.

Gangtruflanir þær, sem lagfæra skal, séu fólgnar í innstillingu vélarinnar, oliugjöf, skolun og þjöppun, ræsingu o. s. frv.

C. Tvær einkunnir fyrir munnlegar úrlausnir.

37

16. apríl

5. gr.

Ef prófsveinn hefir aldrei séð vélategund þá, sem hann á að taka prófið á, má leyfa honum að athuga vélina í gangi í 1 klst. áður en próf byrjar.

6. gr.

Prófið skal haldið af prófnefnd. Eru í henni þrír menn, sem atvinnumálaráðherra skipar til þess. Skal einn þeirra skipaður oddviti nefndarinnar, ennfremur tilnefnir ráðuneytið einn af prófnefndarmönnum til þess að spyrja prófsveina.

7. gr.

Verkefni við prófið velur prófnefnd. Skulu hin verklegu verkefni afhent í lokuðu umslagi, undirskrifuð af prófnefndinni, þau skulu jafnmörg og prófsveinar eru, og dregur hver sitt. Verkefni við gangtruflanapróf séu tölusett á skrá hjá prófnefnd og skulu vera tveim fleiri en prófsveinar eru og dregur hver prófsveinn miða með einhverri þeirri tölu, sem á skránni er.

Hinar munnlegu úrlausnir séu skrifaðar á miða, er séu tveim fleiri en prófsveinar eru og dregur prófsveinn einn miða um leið og hann er kallaður til spurninga.

8. gr.

Nú álitur prófsveinn að fyrir hann sé lagt eitthvert það verkefni, sem ekki heyri prófinu til og skal hann þá snúa sér til prófnefndar um þetta og er henni þá skylt að leiðrétta, ef um misskilning er að ræða hjá henni eða prófsveini.

9. gr.

Prófsveinar skulu mæta stundvíslega á tilteknum stað og stundu og mega ekki án leyfis vikja úr þeim stað, sem þeim er fenginn.

Prófsveinar mega ekki hafa með sér nein áhöld eða hjálpartæki önnur en þau sem prófnefnd leyfir.

Sannist það, að prófsveinn noti önnur hjálpartæki, reyni að fá hjálp hjá öðrum eða að hjálpa, eða brjóti á annan hátt settar reglur, má vísa honum frá prófi og skal þá álituð, að hann hafi ekki staðizt prófið.

Gangi prófsveinn frá prófi vegna sjúkleika og sannar síðar með læknisvottorði að hann hafi verið forfallaður, ber að líta svo á, að hann hafi gengið undir prófið og má prófa hann í því, sem eftir var, svo fljótt sem því verður við komið og eru þá fyrri svör hans fullgild við því, sem lokið var þegar hann forfallaðist.

Geti hann aftur á móti ekki fært sönnur á, að hann hafi haft fullgilda ástæðu fyrir fjarverunni frá prófinu, skal álituð, sem hann hafi ekki staðizt prófið.

10. gr.

Sannist það fyrir oddvita prófnefndar, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, getur oddviti rekið hann frá prófi.

11. gr.

37

16. apríl

Úrslit prófsins ákvarðast þannig:

Ágætlega = 7.

Ágætlega ÷ = 6.

Dável = 5.

Dável ÷ = 4.

Vel = 3.

Vel ÷ = 2.

Laklega = 1.

Laklega ÷ = 0.

Illa = ÷ 1.

Illa ÷ = ÷ 3.

Afarilla = ÷ 5.

Verði prófnefnd ekki ásátt um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammi-stöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðal-tali af tölugildum einkunna þeirra, sem gefnar hafa verið.

Til þess að standast prófið þarf:

- a. í verklegu: meðaleinkunnina 2,
- b. í lagfæring gangtruflana o. s. frv.: meðaleinkunnina 2.

12. gr.

Hver prófsveinn, sem staðizt hefir prófið, fær að loknu prófi prófskírteini eftir þessari fyrirmynd:

PRÓFSKÍRTEINI

N. N.

Fæddur

hefir staðizt hreyfingapróf samkvæmt lögum nr. 23 frá 1935, um breytingu á lögum nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum mótorskipum og hlotið þær einkunnir er hér segir:

Í verklegu, 2 einkunnir

Í lagfæring gangtruflana, 1 einkunn

Í munnlegu, 2 einkunnir

Í aðaleinkunn, 5 einkunnir

Reykjavík, 19....

N. N.

N. N.

N. N.

Til þess að standast prófið, þarf í aðaleinkunn í minnsta lagi 15 stig. Hæsta einkunn er 35 stig.

37

16. apríl

13. gr.

Að afloknu prófinu, skrifar prófnefnd skýrslu um prófið með nöfnum próf-sveina, fæðingardegi og fæðingarstað, ásamt verkefnum við prófið og ritar hún hinar gefnu einkunnir í þar til gerða prófbók, dagsetur hana og staðfestir með undirskrift sinni.

Prófbókina skal geyma í vörzlum Fiskifélags Íslands, en afrit af henni skal senda atvinnumálaráðuneytinu.

14. gr.

Glati mótorgæzlumaður prófskírteini sínu, á hann rétt á að fá afrit af því hjá Fiskifélagi Íslands, ef hann óskar þess.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 23 9. janúar 1935, um breyting á lögum nr. 50 4. júní 1924 um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum mótorskipum. Öðlast reglugerðin þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. apríl 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

38

16. apríl

REGLUGERÐ

um sölu áfengis til lækninga.

1. gr.

Áfengi, áfengi til lyfja og áfengislyf.

Áfengi er, samkvæmt reglugerð þessari, vinandi (aethylalkóhól) óblandaður og blandaður öðrum efnum og í hverskonar þynningum, ef styrkleiki hans nemur meiru en $2\frac{1}{4}\%$ að rúmmáli.

Áfengi til lyfja eru þær tegundir vinanda, sem greindar eru á gildandi lyfjaskrá. Þ. e. Alcohol absolutus, Ph. D., Spiritus alcoholisatus, Ph. D., Spiritus concentratus, Ph. D., og Spiritus dilutus, Ph. D. Ennfremur vín þau, er hér greinir: Rauðvín (Vinum Gallicum rubrum), malaga (Vinum Malaga), portvín (Vinum Oporto), sherry (Vinum Xeres) og koniak (Spiritus vini Gallici).

Áfengislyf eru hverskonar blöndur, sem hafa inni að halda vinanda eða vín, ef styrkleiki blöndunnar nemur meiru en $2\frac{1}{4}\%$ af vinanda að rúmmáli. Þegar áfengi til lyfja er látið úti úr lyfjabúð óblandað öðrum efnum, telst það og áfengislyf.

Lyfsöllum og læknum, sem rétt hafa til lyfjasölu, er óheimilt að hafa í lyfja-